

Leigusamningur

milli

Raunvísindastofnunar Háskólans
Dunhaga 3, 107 Reykjavík

og

Stökkseyrarhrepps.

Raunvísindastofnun Háskólans verði samkvæmt leigusamningi þessum leyfð afnot af hluta af nánar tiltekinni landspildu, sbr. meðfylgjandi uppdrátt, í eigu Stökkseyrarhrepps til að reisa og starfrækja SuperDARN ratsjárverkefnið. SuperDARN verkefnið er framkvæmt og kostað af Institut National des Sciences de l'Univers (INSU), 77 Avenue Denfert Rochereau, 75014 Paris, Frakklandi. Nákvæma útlísta á nýtingu spildunnar er að finna í viðauka.

Leigusamningur þessi er til 10 ára uppsegjanlegur af hálfu Raunvísindastofnunar Háskólans með eins árs fyrirvara. Samninginn má framlengja um tvö ár að leigutíma loknum með gagnkvæmu samkomulagi aðila. Samningurinn tekur gildi við undirskrift.

Ársleiga skal vera kr. 100.000- og breytist árlega í samræmi við breytingar á byggingavísitölu. Leigufjárhæðin er miðuð við byggingavísitöluna í ágúst 1993. Leiga fyrir afnotin greiðist fyrirfram hinn 1. júní ár hvert. Fyrsta leigutímabilið er frá 1. ágúst 1993 og til 1. júní 1994 og greiðist leiga fyrir það tímabil við undirskrift.

INSU er eigandi þess búnaðar sem ratsjárverkefnið samanstendur af, þar með talin bygging, loftnetsmöstur og allur rafeindabúnaður.

Stökkseyrarhreppur er ekki ábyrgur fyrir ófyrirséðum atburðum eða óhöppum sem fyrir kunna að koma varðandi uppsetningu og rekstur ratsjárstöðvarinnar.

Leigutaki mun sjá um að girða af byggingu.

Við samningslok mun INSU sjá um að fjarlægja ratsjárstöðina ásamt tilheyrandi búnaði og skila landinu í viðunandi ástandi.

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit og heldur leigusali öðru en leigutaki hinu. Leigutaki greiðir þinglýsingargjöld.

Reykjavík, 14. desember 1993

f.h. Stokkseyrarhrepps



[Handwritten signature]
Brettasjóinn
Stokkseyri

f.h. Raunvísindastofnunar Háskólans

[Handwritten signature]
Raunvísindastofnun Háskólans
Dunstaða 3 - 101 Reykjavík

Vottar að rétttri undirskrift,
dagsetningu og fjárræði.

[Handwritten signature] kt. 090654-2179
[Handwritten signature] kt. 070558-4249

Viðauki:

Vegna rannsóknarverkefnisins eru eftirtaldar framkvæmdir nauðsynlegar:

- Uppsetning aðal-raðar af 16 loftnetsmöstrum með 15 m millibili (heildarlengd raðar er 225 m og breidd um 30 m vegna staga sem ná 15 m hvoru megin út frá hverju mastri.)
- Uppsetning minni raðar með 4 möstrum með 15 m millibili (heildarlengd 75 m og breidd 30 m). Þessi röð verður samsíða lengri röðinni, en um 100 m frá henni.
- Húsbygging (stærð: 5 m x 7,5 m) nærri miðju aðalraðar mastra.
- Malarvegur samhliða hvorri loftnetsröð (innan 30 m breiddarmarkanna) og tengivegur á milli miðju loftnetsraðanna.




STOKKSEYRI
ADALSKIPULAG 1:10.000

Skipulag þetta sem gert er samskvæmt
2.málsgrein 5. greinar skipulagslaga
nr.19/1964 var samþykkt af hreppsnefnd
Stokkseyrarhrepps þann _____ 1993

Skipulagsstjórn ríkisins samþykkir
hér með, samskvæmt 2.málsgr.5.gr.
skipulagslaga nr.19/1964, skipulags-
upprátt þennan af radarstöð fransk-
vísindamanna "Super DARN" á vegum
Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands
við Stokkseyri. Reykjavík þann _____ 1993

Teiknað 26.7.1993
Maggi Jónsson, arkitekt
Lýðveldið Ísland



STOKKSEYRI
DEILISKIPULAG 1:1000

Skipulag þetta sem gert er samkvæmt 2. málsgrein 5. greinar skipulagslaga nr 19/1964 var samþykkt af hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps þann _____ 1993

Skipulagsstjórn ríkisins samþykkir hér með, samkvæmt 2. málsgr 5 gr. skipulagslaga nr. 19/1964, skipulagsupprátt þennan af radarstöð franskra vísindamanna "Super DARN", á vegum Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands, við Stokkseyri, Reykjavík þann _____ 1993

Teiknað 26. 7. 1993

Maggi Jónsson, arkitekt
Ásvallagötu 6, Reykjavík
Sími 21846